

Svar

félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn frá Steinunni Þóru Árnadóttur um endurgreiðslukröfur Fæðingarorlofssjóðs.

1. *Hversu margar kröfur hafa verið gerðar um endurgreiðslu fæðingarorlofs frá árinu 2005?*

Meðfylgjandi er tafla frá Fæðingarorlofssjóði þar sem fram kemur sundurliðun á endurgreiðslukröfum sjóðsins frá árinu 2005. Í töflunni kemur m.a. fram að flestar endurgreiðslukröfur á umræddu tímabili hafa verið gerðar á árunum 2011–2013.

Tafla 1.

	Fjöldatölur			Heildarfjárhæðir		
	Heildarfjöldi	Feður	Mæður	Heildarfjárhæðir	Feður	Mæður
Árið 2005	–	–	–	–	–	–
Árið 2006	–	–	–	–	–	–
Árið 2007	1	1	–	824.632	824.632	–
Árið 2008	4	3	1	1.745.272	331.442	1.413.830
Árið 2009	17	12	5	4.126.913	3.567.844	559.069
Árið 2010	64	52	12	10.127.083	9.014.021	1.113.062
Árið 2011	651	498	153	76.255.740	63.496.419	12.759.321
Árið 2012	804	580	224	78.758.550	61.416.134	17.342.416
Árið 2013	553	360	193	53.685.535	37.519.509	16.166.026
Árið 2014	92	58	34	8.382.022	5.998.239	2.383.783
	2.186	1.564	622	233.905.747	182.168.240	51.737.507

2. *Hversu margar endurgreiðslukröfur hafa verið gerðar á hendur foreldrum, sundurliðað eftir stöðu þeirra á vinnumarkaði, þar á meðal hvort þeir séu í fullu starfi, hlutastarfi eða sjálfstætt starfandi?*

3. *Hversu margar endurgreiðslukröfur hafa verið gerðar á hendur foreldrum, sundurliðað eftir því hvort þeir hófu og luku töku fæðingarorlofs um mánaðamót eða á öðrum tíma mánaðar?*

Samkvæmt upplýsingum frá Fæðingarorlofssjóði hafa ekki verið unnar greiningar í þessu sambandi er varða stöðu foreldra á vinnumarkaði eða hvenær foreldrar hófu og luku töku fæðingarorlofs. Umbeðnar upplýsingar liggja því ekki fyrir.

4. *Hversu margar endurgreiðslukröfur hafa verið látnar niður falla eftir að gögn og skýringar hafa borist frá foreldrum, hversu mörgum endurgreiðslukröfum hafa foreldrar orðið við og hversu mörgum hefur verið skotið til úrskurðarnefndar fæðingar- og for-eldraorlofsmála?*

Samkvæmt upplýsingum frá Fæðingarorlofssjóði er öllum foreldrum, sem ekki leggja

niður störf eða þiggja of háar greiðslur frá vinnuveitanda á sama tíma og viðkomandi fær greitt úr Fæðingarorlofssjóði, sbr. 15. gr. b laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, sent bréf þar sem tilkynnt er um upphaf máls í samræmi við 14. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum, og málið er síðan rannsakað í samræmi við 10. og 13. gr. sömu laga. Samkvæmt upplýsingum frá Fæðingarorlofssjóði hafa framangreindar rannsóknir leitt til þess að um helmingur allra mála frá árinu 2005 hefur verið felldur niður þannig að annaðhvort hefur aldrei verið gerð endurkrafa á hendur viðkomandi foreldri eða gögn hafa borist frá foreldri í kjölfar endurkröfu sjóðsins sem leitt hefur til niðurfellingar máls.

Af þeim 2.186 málum þar sem gerð var endurkrafa á hendur foreldrum á umræddu tímabili (sbr. töflu 1) voru 167 mál að fjárhæð 16.755.866 kr. felld niður í kjölfar þess að fullnægjandi gögn bárust frá viðkomandi foreldrum. Hinn 31. október 2014 höfðu þeir 2.019 foreldrar sem eftir stóðu endurgreitt 193.330.093 kr. og stóðu viðskiptakröfur þá í 23.819.788 kr.

Þess ber að geta að í kjölfar álita umboðsmanns Alþingis nr. 7022/2012, 7775/2013 og 7790/2013 og orðalags 10. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, hafa ákvarðanir Fæðingarorlofssjóðs á umræddu tímabili um endurkröfu á hendur foreldrum verið felldar niður og endurgreiðslur foreldra greiddar til baka með vöxtum í samræmi við 5. mgr. 15. gr. a laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Jafnframt hafa verið felld niður öll mál á hendur foreldrum sem Fæðingarorlofssjóður hefur haft til meðferðar þar sem um hefur verið að ræða endurkröfu á hendur foreldrum vegna greiðslna úr sjóðnum. Í því skyni að mæta fyrrnefndum endurgreiðslum Fæðingarorlofssjóðs til foreldra samþykkti Alþingi 70 millj. kr. fjárveitingu í fjárákalogum ársins 2014. Auk þess voru 215 millj. kr. samþykktar á Alþingi í fjárlögum ársins 2015 til umræddra endurgreiðslna.

Eftirfarandi upplýsingar fengust hjá úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála um fjölda mála sem nefndinni hefur borist frá árinu 2005 þar sem ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs um endurkröfu á hendur foreldri vegna greiðslna úr sjóðnum hefur verið kærð:

- Árið 2005 barst ekkert mál.
- Árið 2006 barst eitt mál og var ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs staðfest.
- Árið 2007 barst ekkert mál.
- Árið 2008 bárust tvö mál og var ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs staðfest í öðru þeirra.
- Árið 2009 bárust þrjú mál og var ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs staðfest í tveimur þeirra.
- Árið 2010 bárust átta mál og var ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs staðfest í sex þeirra.
- Árið 2011 bárust nítján mál og var ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs staðfest í fjórtán þeirra.
- Árið 2012 bárust fimmtíu og fimm mál og var ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs staðfest í þrjátíu og einu þeirra.
- Árið 2013 bárust tuttugu og fjögur mál og var ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs staðfest í tólf þeirra.
- Árið 2014 bárust sex mál og var ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs staðfest í fjórum þeirra.

Samkvæmt upplýsingum frá úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála hefur ekkert mál borist nefndinni það sem af er árinu 2015 þar sem ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs um endurkröfu á hendur foreldri vegna greiðslna úr sjóðnum hefur verið kærð.

5. *Hversu margir úrskurðir úrskurðarnefndarinnar hafa staðfest ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs um endurgreiðslukröfu?*

Sjá svar við 4. tölul. fyrirspurnarinnar.